

Ár 2024, mánudaginn 4. mars, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannes Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 1/2024

**Framkvæmdastjóri KSÍ**

gegn

**Knattspyrnufélaginu Afríku**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**dómur.**

**I**

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 19. janúar 2024, þar sem knattspyrnufélaginu Afríku var gert að sæta sekt að upphæð kr. 50.000,-.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 24. janúar 2024 þar sem Afríka gerir eftirfarandi kröfur:

Að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

**II**

Í hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er því lýst að málið varði útfyllingu á leikskýrslu fyrir leik Afríku og Smára í 5. deild karla B riðli sem fram fór í OnePlus vellið þann 3. ágúst 2023. Fram kemur í hinum kærða úrskurði að tölvupóstur hafi borist skrifstofu KSÍ þann 5. ágúst sl. frá Stefáni Karli Arnarssyni skráðum leikmanni Afríku. Efni tölvupóstsins hafi gefið til kynna að leikskýrsla fyrir leik Afríku og Smára hafi verið ranglega fyllt út af hálfu áfrýjanda. Enn fremur hafi verið á það bent í tölvupósti að nafn Stefáns Karls hafi verið skráð á leikskýrslu leiksins. Hins vegar, samkvæmt frásögn Stefáns, þá hafi hann ekki verið meðal leikmanna í leiknum en hann hafi verið staddur fjarri leikstað úti á landi á meðan leikur fór fram. Í hinum kærða úrskurði er það metið óumdeilt að Stefán Karl Arnarsson, sem skráður var á leikskýrslu meðal varamanna Afríku í leik liðsins gegn Smára þann 3. ágúst 2023 hafi raunverulega ekki tekið þátt í umræddum leik. Þegar af þeirri ástæðu hafi verið ljóst að lið Afríku á leikskýrslu leiksins hafi verið ranglega fyllt út af hálfu áfrýjanda.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar lá ljóst fyrir að leikskýrsla hafi verið ranglega fyllt út af hálfu áfrýjanda og var félaginu því gert að sæta sekt að upphæð kr. 50.000 í samræmi við grein 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

### III

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 19. janúar 2024. Með honum var áfrýjanda gert að sæta sekt að upphæð kr. 50.000,- vegna rangrar skráningar á leikskýrslu í leik Afríku og Smára í 5. deild karla B riðli sem fram fór í OnePlus veltinum þann 3. ágúst 2023

Dómurinn tekur undir forsendur í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um að ágreiningslaust sé að Stefán Karl Arnarsson, sem skráður var á leikskýrslu meðal varamanna Afríku í leik liðsins gegn Smára þann 3. ágúst 2023 hafi ekki tekið þátt í umræddum leik. Þegar af þeirri ástæðu sé ljóst að lið Afríku hafi verið ranglega fyllt út á leikskýrslu leiksins. Einnig tekur dómurinn undir það sjónarmið að ekki séu fullnægjandi líkur á að áfrýjandi hafi sýnt af sér vísitandi verknad þegar umrædd leikskýrsla var fyllt út í skilningi greinar 36.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þykir dómnum að framburður frá dómara leiksins og frásögn í greinargerð áfrýjanda renni stoðum undir þá niðurstöðu.

Í því máli sem hér er til úrlausnar verður, að mati dómsins, að horfa til fyrirmæla í Handbók leikja 2023 vegna skráningar á leikskýrslu knattspyrnuleikja í mótum á vegum KSÍ. Fyrirmæli í Handbók leikja 2023 kveða að meginreglu á um að bæði lið þurfi að fylla út leikskýrslu, prenta hana út, undirrita og afhenda dómara leiksins eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Það er á verksviði og ábyrgð heimafélags að koma frágenginni leikskýrslu til dómara á réttum tíma. Framburður dómara og greinargerð áfrýjanda benda til þess að upp hafi komið örðugleikar við skráningu á leikskýrslu fyrir umræddan leik Afríku og Smára. Ekki hafi tekist að skrá lið Afríku á leikskýrslu áður en leikurinn hófst og því hafi leikskýrsla verið fyllt út síðar sama kvöld af hálfu dómara leiksins. Nafn Stefán Karls Arnarsson hafi þá verið ranglega skráð á meðal varamanna í lið Afríku. Ekki er að sjá af gögnum málsins að áfrýjandi hafi gert reka að því að leiðrétta ranglega skráð lið Afríku á umræddri leikskýrslu en dómurinn lítur svo á að það sé á verksviði og ábyrgð heimafélags.

Með vísan til framangreinds þykir dómnum rétt að knattspyrnufélagið Afríka sæti sekt vegna þess að leikskýrsla leiks Afríku og Smára í 5. deild karla þann 3. ágúst var ranglega fyllt út. Áfrýjandi bar ábyrgð á útfyllingu leikskýrslu fyrir hönd heimaliðs í umræddum leik og að þar væru skráðir þeir leikmenn sem raunverulega taka þátt í viðkomandi leik. Jafnvel þó örðugleikar hafi komið upp við skráningu á leikskýrslu lítur dómurinn svo á að áfrýjanda beri að gæta þess að upplýsingar skráðar á leikskýrslu séu réttar og sömuleiðis að leiðrétta skráningu eftir leik séu upplýsingar á leikskýrslu rangar. Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til atvika málsins þykir dómnum sekt áfrýjanda hæfilega ákveðin kr. 25.000,-.

### Dómsorð:

Knattspyrnufélagið Afríka skal sæta sekt að upphæð kr. 25.000,-

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]